

Íþróttá- og æskulýðsnefnd

98. fundur – 15. mars 2023 kl 18:00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir

Tinna Ýr Gunnarsdóttir (fyrir Patryk Zolobow)

Margret Eva Einarsdóttir

Gylfi Freyr Karlsson

Marta Pétursdóttir (fyrir Margreti Vilhjálmsdóttur)

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

1. Starfsmannamál í félagsmiðstöðinni.

Marela og Sigurborg eru núna starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar. Sigurborg var í forföllum en er núna alveg með Marelu. Félagsmiðstöðin lokar 5. maí.

2. Lyfta í sundlaug.

Félags- og skólaþjónustan voru með lyftu hjá sér sem þau voru ekki að nota. Hún verður notuð í sundlauginni til þess að hjálpa gestum með skerta hreyfigetu í laugina.

3. Sumarnámskeið.

Vinna er farin af stað við skipulagningu sumarnámskeiða fyrir börn. Eins og kom fram á fundi sem Jóhanna og Kristfríður sátu með Velferðarnefnd, þá er stefnt að því að hafa námskeiðin fjölbreyttari í ár og er Kristfríður komin í þá vinnu.

4. Heilsueflandi samfélag.

Búið er að mynda stýrihóp fyrir verkefnið og verður skrifað undir á næstu dögum.

5. Rennibraut í sundlaug.

Málið er í vinnslu en fer eftir veðurfari hvenær það er hægt að byrja.

6. Frisbígolfvöllur.

Kristfríður hefur verið að leita lausna til þess að klára völlinn. Hann er ókláraður og það er ekki hægt að ganga frá verkinu svona. Það vantar teiga svo að iðkendur viti hvernig brautin liggur. Kristfríður heldur áfram með þetta mál.

Önnur mál:

- Rafípróttirnar eru að byrja á fullu. Búnaðurinn kemur í þessari viku.

Fundi slitið 19:00